# SKEIÐA- OG GNÚPVERJAHREPPUR - AÐALSKIPULAG 2004-2016 - Sveitarfélagsuppdráttur láglendi
## Breyting á staðfestu aðalskipulagi - Kílhraunsvegur






Staðfest aðalskipulag með síðari stafestum breytingu - fyrir breytingu mkv. 1:50.000

TEIKNING Í VINNSLU - ÓFULLGERÐ



Aðalskipulag eftir breytingu - mkv. 1:50.000

**Aðdragandi og tilgangur skipulagsbreytingarinnar**

Um er að ræða óverulega breytingu á aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjarhrepps 2004-2016, sem unnin er skv. 2.mgr. 36.gr Skipulagslaga nr. 123/2010.

Sveitastjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps tók málið fyrir á fundi sínum þann xx.xx.xxxx þar sem samþykkt var að heimila breytinguna.

**Stefna aðalskipulags og forsendur:** Aðalskipulag Skeiða- og Gnúpverhrepps er í endurskoðun og er ekki öðlast gildi ennþá, en í gildandi aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2004 - 2016 sem staðfest var í B-deild 27. apríl 2006 nr. 324, er lóðin skilgreind sem frístundasvæði (F4).

Tildrög breytingarinnar er að lóðarhafi óskaði eftir því að breyta lóðinni Kílhraunsvegur 1 í landbúnaðarland. Lóðin liggur vel við breytingunni þar sem hún er endalóð og liggur að nærliggjandi landbúnaðarlandi. Framkvæmdin miðar að því að lóðarhafi geti haft fasta búsetu og minniháttar búfjárhald á lóðinni.

**Aðstæður og aðkoma:** Land Kílhrauns er flatlent, gróið hraun sem er í um 50m hæð yfir sjávarmáli. Aðkoma er frá þjóðvegi nr. 30 Skeiða- og Hrunamannavegi um Árhraunsgötu sem er sett skv. núverandi legu og samþykktu deiliskipulagi.

Lóðin Kílhraunsvegur 1 (L225907) er ekki innan marka flóðasvæðis (skv. flóðakorti Veðurstofu), en þó er fylgt ákvæði um lágmarks gólfhæð húsa, sem skal ekki vera lægri en 53 m.y.s. Þetta viðmið er byggt á minnisblaði Línuhönnunar dags. 11.06.2007, um flóðhæð við Hraunvelli og einnig á mati Veðurstofu Íslands í bréfi dags. 14.10. 2015.

**Veitur:** Almennt skulu vatns og raflagnir liggja í jörð meðfram vegi og lagðar í samráði við viðkomandi veitur. Neysluvatn kemur frá vatnsveitu Skeiða- og Gnúpverjahrepps. Rafmagn kemur frá rarik. Frárennsli skal leitt í sameiginlega rotþró fyrir öll hús innan lóðar og með siturlögnum. Staðið skal að verkinu skv. því sem lýst er í leiðbeiningarriti 2.útg., UST-2004/03.

**Umhverfisáhrif:** Þar sem um óverulega breytingu er að ræða fellur breytingin ekki undir lög nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana skv. 1.mgr. 3. gr laganna. Um er að ræða vel gróið hraun og er aðkoma frá Skeiða- og Hrunamannavegi um Hraunvallaveg.

Aðalskipulag þetta sem auglýst hefur verið skv. 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í sveitastjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps þann ____________________

TEIKNING Í VINNSLU - ÓFULLGERÐ

Aðalskipulagsbreyting þessi var staðfest af Skipulagsstofnun þann ____________________


Úr gildandi Aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpvhr. 2004-2016


Úr endurkoðun Aðalskipulags Skeiða- og Gnúpvhr. ekki í gildi

| | | |
|---|---|---|
| HEITI VERKS: Skeiða- og Gnúpverjahreppur Aðalskipulag 2004 - 2016 | | |
| HEITI TEIKNINGAR: Sveitarfélagsuppdráttur láglendi Kílhraunsvegur 1 (L225907) | | |
| VERKNR: 218-025 | MKV: 1:50.000 í A3 | TEIKNING NR: |
| TEIKNAÐ AF: gg | HANNAÐ AF: | DAGS. TEIKN: 13. júlí 2018 |
| YFIRL. / UNDIRSKRIFT: | | TEIKN. BREYTT: |


LANDFORM ehf
LANDSLAGSARKITEKTAR FÍLA
AUSTURVEGI 6 800 SELFOSS sími: 482 4090 faxnr: 482 3542
netfang: landform@landform.is veffang: www.landform.is